

og margar hinar frjálslyndari kyrkjur austur-ríkjanna eru sönn fyrirmynð í því efni.

Tvær kyrkjudeildir Bandaríkjanna hafa þegar látið til sín heyra og tekið feginsamlega á móti þessu nýmæli, en hinar hafa ekki enn látið álit sitt í ljósi. Kongregazionalistar, er vaxið hafa upp úr þeim barnaskap að vilja ganga á bug allan nútíðar fróðleik, hafa sýnt, að þeir eru þessari nýju viðaukagrein þjóðfélagsfræðinnar mjög hlynntir, því án þess hefði ekki tímaritið „Outlook“ prentað þessa ritgjörð Dr. Steiners, er gengur í þessa átt, Unitarakyrkjan hefir og sýnt, að með því að gjörast nokkuð konar foringi þessa máls, vilji hún það áfram.

Nú í mörg undanfarandi ár hefir samanburðartrúfræði verið kennd við skóla þessa lands. En kennslan hefir öll gengið út á að bera saman kenningakerfi og síðfræðislögmál hinna ýmsu almennu trúarbragða. Kristindómurinn hefir verið skoðaður sem eitt trúarbragðakerfi, og þá vanalegast miðaður við kenningar Jesú, eins og þær eru í Nýja testamentinu.

Að það eru til ótal flokkar innan kristninnar, er kenna bæði það sem stendur í Nýja testamentinu og það sem þeir vilja láta vera í því, hefir enginn gaumur verið gefinn. En það er ekki ólfslegt, að einmitt þessi nýi viðauki þjóðfélagsfræðinnar fari nú að sinna því, fari að kenna þá réttu samanburðartrúfræði deilda, er standa innan kristninnar sjálfrar. En ef svo færi, spáum vér því, að einhverjar þýðingarmiklar breytingar yrði merkjanlegar, áður en langt liði. Vér vildum að eins óska, að þess yrði sem skemmt að bíða, því þá færum vér fyrst að sjá augliti til auglitis það, sem nú er í myrkrunum hulið.

Greinar Dr. Steiners í „Outlook“ um Þjóðverja, Pólverja og Bæheiminga eru í þá átt, eru lýsing á trúarlífi þeirra og samanburður á því og því, sem á sér stað meðal Kongregazionalista. Það eftirtektarverða fyrir oss Íslendinga er það, sem hann segir um þýzk-lúthersku kyrkjuna hér í landi og ástæðurnar, er hann álstur að liggi fyrir því, að „svo fáir eru með“, nefnilega þróngsýni kyrkjunnar sjálfrar. Þeir menn, sem eiga ómögulegt með að standa í kyrkjunni nema því að eins, að hún afnemi það, sem þeim og öðrum er til hneykslis, þeim er útskúfað og gjörðir það an heimilisrækir.—Þeir eru kvíkséttir.